



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi
Erindi nr. P 122/2365
komudagur 2.6.'98

Reykjavík, 27. maí 1998.

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hvalaskoðun, 264. mál.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis frá 7. maí síðastliðinn, þar sem óskað er eftir umsögn um framangreinda þingsályktunartillögu.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tekur undir þingsályktunartillöguna. Samtökin leggja ríka áherslu á að öryggi farþega og áhafnar á skipum sem notuð eru við hvalaskoðun sé rækilega tryggt. Í þessu sambandi vísa samtökin í nýlegan úrskurð Mönnunarnefndar fiskiskipa þar sem fulltrúi stjórnvalda og útgerðarmanna samþykktu undanþágu gagnvart mönnun stýrimanns um borð í hvalaskoðunarskipinu Moby Dick gegn atkvæði fulltrúa Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Með því að samþykkja mönnun skipsins án stýrimanns er verið að draga úr öryggi farþega um borð sem geta verið allt 60 að tölu í hverri ferð.

Virðingarfyllt

f.h. Farmanna- og fiskimannasambands
Íslands

Benedikt Valsson

MÖNNUNARNEFND
VESTURVÖR 2,
200 KÓPAVOGUR
S. 560 00 00
FAX 560 00 60

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Hr. Benedikt Valsson
Borgartúni 18
105 Reykjavík


Kópavogi, 20. maí 1998

Efni: Úrskurðir mönnunarnefndar.

Meðfylgjandi eru afrit úrskurða mönnunarnefndar frá 14. maí 1998.

Við er til 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um mönnunarnefnd nr. 64/1985, sbr. lög nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, og laga nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, með síðari breytingum.

Virðingarfyllt,
f.h. mönnunarnefndar,


Halgrímur Asgeirsson, form.

MÖNNUNARNEFND

Fundur fimmtudaginn 14. maí 1998, kl. 16:00, haldinn í húsnæði Siglingastofnunar Íslands að Vesturvör 2, Kópavogi.

ÚRSKURÐUR

Mál nr. Ms1/1998

Umsækjandi: Arnar Sigurðsson, Litlagerði 8, Húsavík.

Skip: Moby Dick ÞH, sknr. 46.
Gerð skips: Farþegaskip í innanlandssiglingum.
Stærð: 133.61 brúttórúmllestir.
Vélarorka: 199 kW

Tegund réttinda: Skipstjórnarréttindi.

Efni umsóknar:

Með bréfi, dags. 25.03.1998, sækir umsækjandi um að mönnunarnefnd ákveði frávik frá ákvæði liðar I. a. 4. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984, varðandi fjölda skipstjórnarmanna, sbr. 3. gr. laga nr. 62/1995, sbr. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. sömu laga. Sótt er um að nefndin heimili að ekki þurfi að hafa stýrimann á skipinu.

Með bréfi, dags. 29.04.1998 sækir umsækjandi til vara um að mönnunarnefnd heimili tímabundna breytingu á mönnun skipsins til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Sótt er um að nefndin ákveði tímabundin frávik frá ákvæði liðar I. a. 4. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984, sbr. 3. gr. laga nr. 62/1995, um að stýrimann þurfi á skipið, sbr. 2. tl. 1. mgr. 19. gr. sömu laga.

Framlögð gögn:

1. Umsókn, dags. 25.03.1998.
2. Bréf umsækjanda til mönnunarnefndar, dags. 30.03.1998, ásamt ljósriti af korti.
3. Bréf mönnunarnefndar til mönnunarnefndar kaupskipa, dags. 31.03.1998.
4. Bréf mönnunarnefndar til Siglingastofnunar Íslands, dags. 31.03.1998.
5. Bréf formanns mönnunarnefndar kaupskipa til mönnunarnefndar, dags. 21.04.1998.
6. Umsögn Siglingastofnunar Íslands, dags. 28.04.1998, ásamt afriti neyðaráætlunar, samþ. 16.06.1997.
7. Umsókn, dags. 29.04.1998.
8. Útskrift úr skipaskrá, dags. 30.04.1998.

Málavartalýsing:

Skipið Moby Dick ÞH er skráð á skipaskrá sem farþegaskip og stundar umsækjandi farþegaflutninga með skipinu í atvinnuskyni á Skjálfandaflóa. Umsækjandi kveður að algengasti farþega fjöldi sé 30-50 manns í hverri ferð, hver ferð standi í 3 klst. og séu farnar 1-3 ferðir á dag. Umsækjandi tekur fram að eftir því sem farþegar eru fleiri, því fleiri séu í áhöfn þannig að ef farþega fjöldi hafi farið yfir 50 hafi 6-7 verið í áhöfn. Allir í áhöfn hafi lokið námskeiði hjá Slysavarnaskóla sjómanna. Börn séu ávallt í björgunarvestum og í upphafi hverrar ferðar sé haldin björgunaræfing. Þá bendir umsækjandi á mönnun sambærilegra farþegaskipa og að ákvæði laganna um 20 rúmlesta mörkin geti verið ósanngjörnt. Í bréfi, dags. 30.03.1998, bendir umsækjandi á að um borð í skipinu sé enginn tækjabúnaður eða annað þvíumlíkt sem skipstjóri geti ekki haft fullkomna stjórn á samhlíða því að stjórna skipinu. Þá sé vélarúmið vaktfritt, þ.e. allir mælar séu tengdir upp í brú, þannig að vélstjóri vinni við gæslu á farþegum ásamt hásetum. Leiðsögumaður sé með öllum hópum sem koma um borð. Þá sé nægur mannskapur til þess að koma bátum að og frá bryggju, einnig sé björgunarbátum þannig fyrirkomið að auðvelt sé að sjósetja þá verði óhapp. Í bréfi umsækjanda, dags. 29.04.1998, óskaði umsækjandi eftir því til vara að mönnunarnefnd heimili tímabundna breytingu á mönnun skipsins til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur, sbr. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 112/1984.

Mönnunarnefnd ritaði mönnunarnefnd kaupskipa bréf, dags. 31.03.1998. Í bréfinu segir m.a.: „Í III. tl. 4. gr. laga nr. 112/1984, sbr. 3. gr. laga nr. 62/1995, segir að um lágmarksfjölda stýrimanna á kaupskipum fari eftir því sem mælt er fyrir í lögum um áhafnir kaupskipa. Í g-lið 2. gr. laganna segir að kaupskip merki „... hvert það skip, skrásett sem vöruflytninga- eða farþegaskip, er siglir með varning og eða farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan. Til þessa flokks teljast m.a. olíu- og efnaflutningaskip.“ Í 3. gr. laga nr. 59/1995 um áhafnir íslenskra kaupskipa segir að fyrir íslensk kaupskip skuli fjöldi í hverri áhöfn ákveðinn af mönnunarnefnd kaupskipa, sbr. 10. gr. þeirra laga. Samkvæmt o-lið 2. gr. laganna er að finna sömu

skilgreiningu á hugtakinu kaupskip og í g-lið 2. gr. laga nr. 112/1984. Af hálfu mönnunarnefndar fiskiskipa er óskað álit mönnunarnefndar kaupskipa á því hvort skipið Moby Dick falli undir framangreinda skilgreiningu laga nr. 112/1984 og 59/1995 um farþegaskip, en skipið er skráð á skipaskrá sem farþegaskip og fyrir liggur að það stundar ekki flutninga á varningi eða farþegum milli landa.

Með bréfi, dags. 21.04.1998, barst mönnunarnefnd svar við bréfinu. Í bréfinu segir m.a. „Samkvæmt i-lið 2. gr. laga nr. 112/1984 og með vísan til skýringarákvæðis g-liðar sömu greinar er fjöldi skipstjórnarmanna í áhöfn Moby Dick ákveðinn samkvæmt II. kafla þeirra laga, en heimild til fráviks í 1. tölulið 1. mgr. 19. gr., sbr. 20. gr. laganna. Þess er vænst, að á framangreind sjónarmið og álit sé fallist og að mönnunarnefnd sjái sér fært að taka erindi Sjóferða, sem bersýnilega þolir ekki bið til efnislegrar afgreiðslu. Það skal tekið fram, að mönnunarnefnd kaupskipa hefur ekki verið kvædd til fundar vegna erindisins, og að framangreind sjónarmið og álit eru formannsins persónulega.“

Umsögn Siglingastofnunar Íslands

Með bréfi, dags. 31.03.1998, óskaði mönnunarnefnd eftir umsögn Siglingastofnunar Íslands um umsóknina sbr. 2. mgr. 19. gr. 112/1984. Í umsögn Siglingastofnunar, dags. 28.04.1998, segir m.a. (sic): „Samkvæmt skoðunarskýrslum er búnaður til siglinga og stjórnunar á skipinu í samræmi við reglur. Sé tillit tekið til notkunar skipsins og farsviðs sem skilgreint er í bréfum útgerðarinnar dags. 25.03.1998 og 30.03.1998 ásamt ljósríti af korti sem sýnir fyrirhugaða siglingaleið. Þess skal einnig getið að neyðaráætlun fyrir skipið var samþykkt þann 16.06.1997 með þeirri athugasemd að ekki væri stýrimaður í áhöfninni. Með hlidsjón af noikunar tíma og farsviði skipsins telur Siglingastofnun að ekki sé verið að skerða öryggi skips og farþega þótt ekki sé skráður stýrimaður í áhöfn þess, enda sé ávallt nægur mannaflí um borð til að tryggja öryggi farþega og skips ef upp kæmi vandredaástand. Þessi niðurstaða stofnunarinnar er í fullu samræmi við lög nr. 112/1984, 2. gr. i-liður og úr II kafla 19. gr. 1. málsgreinar [...] Niðurstaðan er því sú að Siglingastofnun fellst á framkomna beiðni útgerðar ofangreinds skips og telur að ekki sé skert öryggi skips né farþega þótt ekki sé skráður stýrimaður í áhöfn þess.“ Með bréfinu fylgdi afrit neyðaráætlunar.

Forsendur og niðurstaða:

Af hálfu fulltrúa Farmanna- og fiskimannasambands Íslands er talið að vísa eigi málinu frá mönnunarnefnd þar sem skipið falli undir hugtakið farþegaskip skv. lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984 og lögum um áhafnir kaupskipa nr. 59/1995. Málið heyrir því undir mönnunarnefnd kaupskipa, sbr. lög nr. 59/1995 en ekki mönnunarnefnd fiskiskipa. Fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands mótmæla jafnframt rökstuðningi og niðurstöðu formanns mönnunarnefndar kaupskipa í bréfi, dags. 21.04.1998. Bréfið sé ekki skrifað í nafni eða í umboði þeirrar nefndar.

Af hálfu formanns mönnunarnefndar og fulltrúa útvegsmanna er bent á að í 2. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum sé kaupskip skilgreint sem hvert það skip, skrásett sem vöruflutninga- eða farþegaskip, er siglir með varning og/eða farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan. Í 2. gr. laga um áhafnir íslenskra kaupskipa nr. 59/1995 sé kaupskip skilgreint með sama hætti. Með orðalaginu „skrásett sem“ sé átt við skráningu á íslenska skipaskrá. Orðalagið „siglir með varning og/eða farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan“ valdi nokkrum skýringarvanda, en orðskýring leiði til þeirrar niðurstöðu að átt sé við farþegaskip sem sigli milli landa, þ.e. frá íslenskri höfn til erlendra hafnar. Skip sem skráð séu sem farþegaskip á skipaskrá en stundi eingöngu farþegaflutninga hér við land falli því ekki undir hugtakið farþegaskip skv. framangreindum lögum, heldur undir hugtakið önnur skip skv. i-lið 2. gr. laga nr. 112/1984, sbr. 2. gr. laga nr. 62/1995. Farþegaskipið Moby Dick PH, sem eingöngu stundi farþegaflutninga hér við land, falli því ekki undir lög nr. 59/1995 heldur lög nr. 112/1984. Því bresti ekki fornskýrði fyrir því að nefndin taki málið til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu. Jafnframt bendir formaður mönnunarnefndar og fulltrúar útgerðarmanna á bréf mönnunarnefndar til mönnunarnefndar kaupskipa, dags. 31.03.1998, og rökstuðnings og niðurstöðu í svarbréfi formanns mönnunarnefndar kaupskipa, dags. 21.04.1998.

Niðurstaða meirihluta nefndarinnar er því sú að taka beri málið til efnislegrar umfjöllunar og ákvörðunar.

Af hálfu fulltrúa Farmanna- og fiskimannasambands Íslands er umsókninni hafnað með vísan til áður framkomins rökstuðnings þess efnis að málið eigi ekki undir nefndina. Jafnframt er frávisunarkrafa ítrekuð.

Af hálfu formanns er talið að ekki hafi verið sýnt fram á næg rök til þess að verða að svo stöddu við umsókn um ótímabundin frávik frá ákvæði laga nr. 112/1984 þess efnis að ekki þurfi stýrimann um borð. Er þeirri umsókn því hafnað að svo stöddu. Af hálfu fulltrúa útvegsmanna er ekki gerð athugasemd að svo stöddu við þessa afstöðu formannsins hvað varðar umsókn um ótímabundin frávik frá mönnum.

Af hálfu formanns og fulltrúa útvegsmanna er fallist á umsókn (varakröfu) um að mönnunarnefnd heimili tímabundna breytingu á mönnum skipsins til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur, sbr. 2. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 112/1984, þannig að ekki þurfi að hafa stýrimann um borð í skipinu. Af hálfu formanns og fulltrúa útvegsmanna er talið að lagaskilyrði séu fyrir hendi til þess að nefndin ákveði tímabundin frávik frá ákvæði liðar I. a. 4. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984, sbr. 3. gr. laga nr.


62/1995, um að stýrimann þurfi á skipið. Heimild til þess að þurfa ekki að hafa stýrimann gildi frá 14. maí 1998 til 15. september 1998 og sé bundin eftirfarandi skilyrðum: 1) Að útvera skipsins í hvert sinn fari ekki fram úr 4 klukkustundum á reynslutímanum 2) Að farsvið skipsins sé innan Skjálfandaflóa 3) Að ávallt séu í áhöfn menn með full réttindi 4) Að ávallt sé í áhöfn nægilegur fjöldi manna með næga þekkingu og reynslu til þess að gæta öryggis skipsins og farþega og 5) Að útgerð skipsins og skipstjóri geri mönnunarnefnd í lok reynslutímans skriflega grein fyrir reynslu af þessari mönnun.

Úrskurðarorð:

Meirihluti mönnunarnefndar hafnar að svo stöddu umsókn um að mönnunarnefnd ákveði ótímabundin frávik frá ákvæði laga nr. 113/1984 þess efnis að ekki þurfi stýrimann um borð í farþegaskipið Moby Dick ÞH. sknr. 46.

Meirihluti mönnunarnefndar fellst á umsókn (varakröfu) um að mönnunarnefnd heimili tímabundna breytingu á mönnun farþegaskipsins Moby Dick ÞH. sknr 46. til reynslu þannig að ekki þurfi að hafa stýrimann á skipinu. Heimildin gildir frá 14. maí 1998 til 15. september 1998 og er bundin eftirfarandi skilyrðum: 1) Að útvera skipsins í hvert sinn fari ekki fram úr 4 klukkustundum á reynslutímanum 2) Að farsvið skipsins sé innan Skjálfandaflóa 3) Að ávallt séu í áhöfn menn með full réttindi 4) Að ávallt sé í áhöfn nægilegur fjöldi manna með næga þekkingu og reynslu til þess að gæta öryggis skipsins og farþega og 5) Að útgerð skipsins og skipstjóri geri mönnunarnefnd í lok reynslutímans skriflega grein fyrir reynslu af þessari mönnun. Minnihluti nefndarinnar hafnar umsóknunum.

Kópavogi, 14. maí 1998,
F.h. mönnunarnefndar.



Hallgrímur Ásgeirsson, formaður

Kæruheimild:

Úrskurð þennan er heimilt að kæra til samgönguráðuneytisins innan þriggja mánaða.